# Viðræður um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

3. Fundur samstarfsnefndar
28. október 2024

# Dagskrá

1. Staðfesting fyrri fundargerða
2. Verkefnisáætlun
3. Hlutverk og skipan starfshópa

KPMG

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Document Classification: KPMG Public

01

# Staðfesting fundargerða

# Tillaga að bókun

Á 2. Fundi samstarfsnefndar, sem haldinn var 23. september 2024 kom í ljós að aðeins hafði farið fram ein umræða um skipun samstarfsnefndar í sveitarstjórn Borgarbyggðar en ekki tvær eins og kveðið er á um í 18. grein sveitarstjórnarlaga. Samstarfsnefnd skorti því formlegt umboð til ákvörðunartöku. Úr þessu hefur verið bætt með annarri umræðu í sveitarstjórn Borgarbyggðar, þar sem skipun fulltrúa sveitarfélagsins var staðfest.

Samstarfsnefnd staðfestir hér með afgreiðslur nefndarinnar á 1. og 2. fundi hennar. Sérstaklega er staðfest ákvörðun um að ganga frá samningi við KPMG um verkefnisstjórn og ráðgjöf við verkefnið sbr. 3. tölulið fundargerðar 1. fundar frá 26. ágúst 2024.

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

02

# Verkefnisáætlun

# Tillaga að verklagi

## 1. Verkefnisstjórn

- Gerð verkefnisáætlunar, skipulagning funda og stjórnun verkefnis.
- Fundir samstarfsnefndar
- Samráð við formann um boðun funda o.fl.
- Samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila í samstarfi við formann samstarfsnefndar.
- Úthlutun verkefna og eftirfylgni.

## 2. Greina

- Rýna núverandi stöðu áskoranir og tækifæri.
- Draga fram kosti og ókosti núverandi stöðu sveitarfélaganna.
- Skipaðir starfshópar til að fjalla um málaflokka..
- Vinnustofur með starfsmönnum sveitarfélaganna.
- Íbúafundir í hvoru sveitarfélagi þar sem aflað verði upplýsinga og sjónarmiða.

## 3. Móta

- Niðurstöður stöðu-greiningar og samráðs dregnar saman og kynntar.
- Unnið með framtíðarsýn, stefnu og markmið á vinnufundum með samstarfsnefnd.
- Tillaga mótuð
- Rituð greinargerð með tillögu.

## 4. Kynna og kjósa

- Kynningarefni útbúið.
- Unnin kynningaráætlun.
- Kynningarfundir
- Kosningar

Október 2024 → September 2025

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Formlegar viðræður - ferli

## Ákvörðun um viðræður

**Ágúst 2024**

Sveitarstjórnir ákveða að taka upp formlegar viðræður og skipa samstarfsnefnd um sameiningu.

## Tillögugerð og álit

**Ágúst 2024 - apríl 2025**

Samstarfsnefnd vinnur að áliti og undirbúningi atkvæðagreiðslu. Stöðumat og greining á fjárhag sveitarfélaganna. Samráð er haft við íbúa, starfsfólk og hagaðila.

## Kynning

**Apríl 2025 - maí 2025**

Samstarfsnefnd kynnir álit sitt á áhrifum sameiningar og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag fyrir íbúum. Kynningarefni og íbúafundir.

## Sameiningarkosning

**Maí eða ágúst 2025**

Íbúar kjósa um sameiningartillögu. Einfaldur meirihluti þeirra sem greiða atkvæði ræður niðurstöðunni sem er bindandi.

## Undirbúningur

**Maí 2025 - maí 2026**

Ef sameiningin er samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem vinnur að undirbúningi gildistöku og innleiðingu.

## Gildistaka

**Júní 2026**

Sameining tekur gildi þegar ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins, 15 dögum eftir sveitarstjórnarkosningar.


© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Tímaáætlun

Verkefnið er unnið á tímabilinu frá júlí 2024 til september 2025 og lýkur með íbúakosningum um sameiningu sveitarfélaganna. Verkefnið er unnið í framhaldi af óformlegum sameiningarviðræðum sveitarfélaganna sem fóru fram á tímabilinu janúar til ágúst 2024.

| Verkliður | Upphaf | Lok | Lengd |
|---|---|---|---|
| Verkefnisstjórnun | 23.7.2024 | 1.10.2025 | 312 |
| Skilgreining verkefnis | 23.7.2024 | 20.9.2024 | 44 |
| Kynning verkefnistillögu | 23.9.2024 | 27.9.2024 | 5 |
| Áætlun verkefnis með samstarfsnefnd | 30.9.2024 | 30.10.2024 | 23 |
| Vinna starfshópa | 31.10.2024 | 31.1.2025 | 67 |
| Samráð við sveitarstjórnir og nefndir | 1.1.2025 | 31.1.2025 | 23 |
| Samráð við íbúa | 3.2.2025 | 28.2.2025 | 20 |
| Mótun tillögu og álits | 3.3.2025 | 30.5.2025 | 65 |
| Sumarleyfi | 31.5.2025 | 31.7.2025 | 44 |
| Kynning álits og tillagna | 1.8.2025 | 14.9.2025 | 31 |
| Undirbúningur kosninga | 1.8.2025 | 14.9.2025 | 31 |
| Kosningar um sameiningu | 15.9.2025 | 29.9.2025 | 11 |
| Talning og kynning á niðurstöðum | 30.9.2025 | 1.10.2025 | 2 |






© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

03

# Hlutverk og skipan starfshópa

# Starfshópar

## Rekstur

- Stjórnsýsla
- Fjármál
- Mannauðsmál
- Byggðasamlög og samstarf

## Fjölskyldumál

- Félagsmál
- Barnavernd
- Fræðslumál
- Íþróttamál
- Tómstundir
- Menningarmál

## Byggðarþróun

- Skipulagsmál
- Umhverfismál
- Innviðir
- Byggðarþróun
- Atvinnumál

KPMG

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Hlutverk starfshópa

Hlutverk starfshópa á er að kortleggja stöðu mála á þeim málasviðum sem þeir hafa til umfjöllunar, samþykktir, reglur og gjaldskrár sem um þau gilda og gera tillögu að samræmingu þeirra eða endurskoðun.

Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Starfshópar skulu draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögu að markmiðum.

Starfshóparnir leita til hagaðila á viðkomandi málasviði eftir þörfum til að afla nauðsynlegra upplýsinga.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum starfshópsins.

**Rekstur**

**Fjölskyldumál**

**Þróun byggðar**

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Rekstur

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um stjórnsýslu, fjármál, mannauðsmál og annað sem snýr að rekstri sveitarfélagsins og draga fram tækifæri og ógnanir. Meðal verkefna er að:

- Kortleggja fjárhag sveitarfélaganna, meta líkleg áhrif sameiningar á hann.
- Gera tillögu að skipuriti sameinaðs sveitarfélags og skoða leiðir til að tryggja áhrif íbúa á nærumhverfi sitt.
- Skoða áhrif sameiningar á samstarfsverkefni og byggðasamlög.
- Skoða möguleg áhrif sameiningar á mönnun og skipulag verkefna og tækifæri til að hagræða eða veita betri þjónustu.
- Gera tillögu að framtíðarsýn og markmiðum fyrir rekstur sveitarfélagsins.

Rekstur

Fjölskyldumál

Þróun byggðar

KPMG

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Document Classification: KPMG Public

# Fjölskyldumál

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um fræðslumál, félagsþjónustu, málefni fatlaðs fólks og aldraðra, íþróttir, tómstundir og menningarmál og draga fram styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir. Meðal verkefna er að:

- Kortleggja þjónustu sveitarfélaganna á sviði fræðslu- og félagsmála og í íþrótta-, tómstunda- og menningarmálum.
- Kortleggja áskoranir og tækifæri á þeim málasviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar.
- Greina hvort svæðisbundinn munur er á þjónustu og þjónustuþörf innan þjónustusvæðisins.
- Skoða möguleg áhrif sameiningar á þjónustuna og hvort tækifæri og tilefni séu til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu.
- Gera tillögu að framtíðarsýn og markmiðum.

Rekstur

Fjölskyldumál

Þróun byggðar

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Þróun byggðar

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um byggðarþróun, skipulagsmál, umhverfismál, innviði og atvinnumál. Meðal verkefna er að:

- Kortleggja þjónustu sveitarfélaganna, reglur, stefnu og samþykktir.
- Kortleggja styrkleika, veikleika, áskoranir og tækifæri á þeim málasviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar.
- Skoða möguleg áhrif sameiningar á þróun mála á þeim sviðum sem starfshópurinn hefur til umfjöllunar..
- Skoða hvort tækifæri og tilefni er til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu.
- Gera tillögu að framtíðarsýn og markmiðum fyrir þau málasvið sem hópurinn hefur til umfjöllunar.

Rekstur

Fjölskyldumál

Þróun byggðar

KPMG
© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.
Document Classification: KPMG Public

# Mönnun og vinnulag starfshópa

**Rekstur:**

- Nöfn fulltrúa

**Fjölskyldumál:**

- Nöfn fulltrúa

**Þróun byggðar:**

- Nöfn fulltrúa

**Vinnulag**

1. Starfshópar funda með ráðgjöfum
2. Fulltrúar afla nauðsynlegra gagna og funda eftir þörfum.
3. Fulltrúar vinna minnisblað sem inniheldur:
   - Stöðugreiningu
   - Mat á áhrifum sameiningar
   - Tillögur að framtíðarsýn
   - Tillögur að markmiðum
4. Starfshópar skila minnisblaði til samstarfsnefndar 31. janúar 2025

Ráðgjafar KPMG aðstoða starfshópana eftir þörfum.

KPMG

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.